

**Breytingartillögur Flokks fólksins við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022.**

**F-1 Tillaga um fríar skólamáltíðir**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að foreldrar þeirra verst settu fái fríar skólamáltíðir fyrir börn sín í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Í því felst að einstæðir foreldrar með tekjur undir 442.324 kr. á mánuði (þ.e. 5.307.888 kr. á ári) fái fríar skólamáltíðir í skólum borgarinnar fyrir börn sín. Miðað verði við frítekjumörk einstæðra foreldra sem njóta stuðnings og eru með tekjur undir kr. 5.307.888 á ári. Heildarkostnaður við tillöguna nemur 27,5 m.kr. Fjárhæðin komi til hækkunar á fjárheimildum skóla- og fristundasviðs og verði fjármögnuð með lækkun á fjárheimildum þjónustu- og nýsköpunarsviðs sbr. tillaga 2.

**Greinargerð:**

Talið er að einstæðir foreldrar, þ.e. öryrkjar, atvinnulausir og annað lágtekjufólk (ein fyrirvinna), búi við- og í hættu að falla í fátækt. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru börn einstæðra foreldra í Reykjavík 7.251 undir 18 ára (2021). Þar af er talið að 2.465 börn (34% barna) einstæðra foreldra búi við- og séu í hættu á að falla í fátækt. Það eru 811 börn í leikskólum og 1.654 börn í grunnskólum borgarinnar.

Samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar kosta máltíðir fyrir barn í leikskóla 12.107 kr. á mánuði og skólamáltíð í grunnskóla 10.711 kr. á mánuði. Tillagan felur í sér að börn einstæðra foreldra í leikskólum: þ.e. 811 börn fái frían morgunverð, hádegisverð, síðdegishressingu, þ.e. 12.107 kr. pr. barn á mánuði. Ennfremur fái börn einstæðra foreldra í grunnskólum, 1.654 börn, fría skólamáltíð, þ.e. 10.711 kr. pr. barn á mánuði.

Fritekjumörk einstæðra foreldra byggja á „framfærsluviðmiði“ umboðsmanns skuldara (UBS). Þar er miðað við að fólk geti aðeins veitt sér lágmarksframfærslu um takmarkaðan tíma, meðan verið er að hjálpa fólki úr skuldavanda. Þegar talað er um lágmarks framfærsluviðmið er jafnframt miðað við að fólk hefði tekjur sem duga til lágmarks framfærslukostnaðar. Lágmarks framfærsluviðmið (UBS) fyrir einstætt foreldri með eitt barn á framæri er kr. 230.693. Það er fyrir utan fæðiskostnað í skóla 11.631 og húsnæðiskostnað: Húsnæði er 170.000 kr. rafmagn, hiti, hússjóður og trygging 30.000 kr. Samtals: 442.324 kr. á mánuði. Árstekjur þurfa að vera 5.307.888 kr.

Í skýrslu um *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016* (Skýrsla unnin fyrir Velferðarvaktina), segir, m.a.: Brýnast er að bæta lífskjör einstæðra foreldra og barna þeirra. Nærri fjögur af hverjum tíu börnum undir látekjumörkum eru börn einstæðra foreldra. Allur þorri einstæðra foreldra er í neðri helming tekjudreifingar (Kolbeinn H. Stefánsson, 2019: 88). Það er samhljóða niðurstöðum rannsóknar um: *Lífsskilyrði barnafjölskyldna á Íslandi: Hvað getur skýrt bága stöðu einstæðra mæðra með börn á framfæri* (Harpa Njáls, 2009: Rannsóknir í félagsvísindum X, 153-167).

Smánarblettur á okkar auðuga samfélagi er hversu margir búa hér við sára fátækt. Fórnarlömb fátæktar eru ekki síst börn sem vegna fjárskorts foreldra geta ekki stundað þær íþróttir sem þau langar að stunda eða sinna öðrum áhugamálum. Áætlað er að um eða yfir 10% íslenskra barna búi á heimilum þar sem tekjur eru undir lágtekjumörkum.

Í nýlegri skýrslu Barnaheilla um fátækt kemur fram að um 22% foreldra segjast ekki geta greitt skólamat fyrir börnin sín og um 19% segjast ekki geta greitt fyrir íþróttir eða tómsundur barna sinna. Í skýrslunni er bent á að auka þurfi hér jöfnuð innan menntakerfisins og tryggja börnum húsnæðisöryggi svo dæmi séu nefnd.

Þá þurfi að móta opinbera áætlun um hvernig eigi að uppræta fátækt meðal barna hér á landi. Slík stefna er ekki til þó að ótrúlegt megi virðast. Ögn fátæktarinnar leggst mismunandi á fjölskyldur en verst á börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem eru á örorkubótum, börn með fötlun, börn innflytjenda og börn sem tilheyra fjölskyldum með erfiðar félagslegar og efnahagslegar aðstæður.

Ójöfnuður hefur aukist vegna atvinnuleysis foreldra í COVID og framtíðarhorfur eru óljósar. Ástandið hefur tekið toll af andlegri heilsu margra barna. Tilkynningar um vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna hafa aukist um 20% - 23%. Húsnæðisaðstæður margra barna eru ótryggar. Húsaleiga er einn stærsti útgjaldaliður fjölskyldunnar eða um 70% af ráðstöfunartekjum. Þetta leiðir til þess að fátækir foreldrar leita skjóls í húsnæði sem er óviðunandi og jafnvel hættulegt.

## **F-2 Tillaga vegna áskrifta, innlendarar og erlendarar ráðgjafar**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsvið verði lækkaðar um 27,5 m.kr., þar af verði áskriftargjöld lækkuð um 12,5 m.kr., útgjöld vegna innlendarar ráðgjafar lækkuð um 7 m.kr. og útgjöld vegna erlendarar ráðgjafar lækkuð um 8 m.kr. Fjárhæðinni verði varið til að mæta tekjutapi vegna frírra skólamáltíða barna einstæðra foreldra í leik- og grunnskólum, sbr. tillaga 1.

### **Greinargerð:**

Þjónustu- og nýsköpunarsvið áætla í ofangreind útgjöld 54 m.kr. á næsta ári, þar af í áskriftargjöld 25 m.kr., útgjöld vegna innlendarar ráðgjafar 15 m.kr. og útgjöld vegna erlendarar ráðgjafar 14 m.kr. Tillagan gerir ráð fyrir að hagræðing í ofangreindum útgjöldum nemi um 50%. Tillagan felur í sér að þjónustu- og nýsköpunarsvið segi upp erlendum áskriftum að hluta til og samningum við erlend ráðgjafarfyrirtæki auk innlendra áskrifta og ráðgjafar.

## **F-3 Tillaga um fjölgun sálfræðinga og fagaðila**

Lagt er til að fjárheimildir til velferðarsviðs verði hækkaðar til að ráða, á næsta ári, nægilega marga sálfræðinga og annað fagfólk til að vinna á biðlistum vegna mikillar fjölgunar tilvísana í leik- og grunnskólum m.a. vegna afleiddra áhrifa Covid-19 faraldursins. Áætlaður heildarkostnaður við þessa tillögu er 200 m.kr. Fjárhæðin komi til hækkunar á fjárheimildum velferðarsviðs og verði fjármögnuð með lökkun á fjárheimildum þjónustu- og nýsköpunarsviðs til fjárfestinga tækja- og hugbúnaðar.

### **Greinargerð:**

Á biðlista fyrir þjónustu sálfræðinga eru núna 1680 börn samkvæmt upplýsingavef Reykjavíkurborgar <https://velstat.reykjavik.is/PxWeb/pxweb/is/>.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til hækkun á fjárheimild til velferðarsviðs verði fjármögnuð með lökkun á fjárheimildum þjónustu- og nýsköpunarsviðs til að ráða nægjanlega margt fagfólk til að eyða biðlistum barna eftir nauðsynlegri þjónustu eins og sálfræðiþjónustu og talmeinaþjónustu.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að fulltrúi Flokks fólksins hefur þótt ÞON (þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar) nota það gríðarmikla fjármagn sem sviðið hefur fengið til stafrænna verkefna illa og af lausung.

Stafræn umbreyting er nauðsynleg, um það er ekki deilt. Ráðist hefur verið í hugbúnaðarframleiðslu með tilheyrandi tilraunastarfsemi og þenslu á mörgum verkefnum sem ýmist eru til annars staðar eða mættu í það minnsta bíða betri tíma.

Dæmi um slík verkefni eru ýmis „mælaborð“, til dæmis kosningakort; sorphirðudagatal (sem var til fyrir), samþættingar- og ferlakerfi einhvers konar, gæðastýring, hugmyndasmiðjur um borgaraleg réttindi, Innovation Team, enn einn hugmyndaleikvangurinn sem tengist Bloomberg; þekkingarbrunnur, ferlateikningakerfi, þróunarlína og innviðir (uppfærslur á miðlægum tækjabúnaði sem hefði mátt bíða), gagnvirk framsetning á skipuriti borgarinnar; Hvirfill, viðburðardagatal (sem var til fyrir), miðlægt fræðslukerfi og eflaust mætti telja fleiri.

Á meðan er beðið sárlega eftir öðrum nauðsynlegum stafrænum lausnum. Að fullklára Mínar síður, að fullklára innleiðingu Hlöðunnar sem er nýtt upplýsingastjórnunarkerfi og Gagnsjáanna sem er upplýsingamiðlunarkerfi en beðið hefur verið eftir báðum þessum lausnum í þrjú ár. Setja hefði átt sviðin velferðarsvið og skóla- og frístundasvið í forgang til að fullklára nauðsynlegar tæknilausnir á þar til að létta á starfsfólki við alls kyns skráningarhandavinnu og liðka fyrir þjónustuþegum.

Í stað þess að hefja strax samvinnu við Stafrænt Ísland og gerast þátttakandi í þeim kerfum sem voru þá þegar tilbúin og komin í notkun annars staðar fór ÞON í að finna upp hjólið. ÞON hefur þanist út, ráðið tugi sérfræðinga, sumum nappað úr einkageiranum, aukið við sig húsnæði og sett ómælt fjármagn í lúxus uppfærslur á húsbúnaði og annarri aðstöðu. Þetta hefur fulltrúa Flokks fólksins þó sérkennilegt. Ef horft er til Stafræns Íslands þá eru það 8 manns sem halda uppi öllum þeim fjölda stafrænum lausnum sem finna má á island.is. Stafrænt Ísland hefur það hlutverk að þjónusta notendur fyrst og fremst í stað þess að nota fjármagnið í að uppfæra sjálft sig.

Stafrænt Ísland hefur náð frábærum árangri að þjónusta sveitarfélög á meðan borgin þarf tugi sérfræðinga til að reyna að fullklára fjölda verkefni sem engin er að spyrja um.

Fulltrúi Flokks fólksins vonar að með gagnrýnni sinni hafi dropinn holað steininn og farið sé í vaxandi mæli að kaupa það sem hægt er að kaup „út í búð“.

#### **F-4 Tillaga um niðurfellingu á hagræðingarkröfu hjá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að afnema 1,0% hagræðingarkröfu á skóla- og frístundasvið og velferðarsvið árið 2022 vegna slæmrar afkomu þessara sviða á tímum COVID-19. Tillagan felur í sér að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 410.135 þ.kr. og fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 215.852 þ.kr. Samanlagt felur tillagan í sér aukin útgjöld sem nema 625.987 þ.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Sviðin geta að sjálfsögðu og eiga að hagræða eins og þeim er framast unnt án þess að það þurfi að gera körfu um það frá miðlægri stjórnsýslu.